

5. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2016, haldinn 27. október 2016 í leikskólanum kl. 15:00. 13. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Jónína Kristbjörg Björnsdóttir, (varamaður Freyju) fulltrúi starfsfólks og Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi starfsfólks boðaði forföll

Dagskrá:

- 1. Skýrsla leikskólastjóra**
- 2. Starfsáætlun veturinn 2016-2017**
- 3. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2017**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla leikskólastjóra

- ❖ Hér hefur verið líf og fjör síðan skólinn opnaði eftir sumarfrí. Nemendur eru núna 37 og fjölgar um tvo um næstu mánaðarmót.
- ❖ Nokkuð hefur verið um leyfi starfsmanna og einnig eru tveir starfsmenn í námi og annar þeirra verður frá í mánuð vegna skóla og vettvangsnáms.
- ❖ Einn starfsmaður var ráðinn tímabundið um miðjan mánuðinn og einnig hefur einn starfsmaður verið í afleysingum vegna leyfa.
- ❖ Eins og staðan er í dag er mönnun í lagi, þ.e. þegar allir mæta en frá því við opnuðum í ágúst hefur verið fullmannað í 15 vinnudaga.
- ❖ Hauststörfín hafa verið nokkuð hefðbundin:
 - Teknar upp kartöflur
 - Heimsókn í Slakka
 - Réttir

- Haustþing

- ❖ Starfsmenn hafa farið á námskeið og setið fundi á vegum Skólaþjónustunnar.
- ❖ Samstarf við grunnskólann er nokkuð hefðbundið og sjá þær Freyja og Fríður um skipulag á heimsóknnum nemenda.
- ❖ Reglulegar heimsóknir á bókasafn eru líka byrjaðar og við notum íþróttahúsið í hverri viku.
- ❖ Við sendum reglulega frá okkur fréttir í Pésann því okkur finnst mikilvægt að við séum sýnileg í samfélaginu.
- ❖ Ég hef ekki orðið vör við annað en að starfsandinn sé góður og allir snúa bókum saman til að hlutirnir gangi upp þegar fámennit er í húsi.
- ❖ Ég horfi bjartsýn fram á veginn, með starfsfólk sem er sveigjanlegt og duglegt að hjálpast að.

2. Starfsáætlun veturinn 2016-2017

Lögð fram starfsáætlun leikskólans fyrir veturinn 2016-2017. Skólanefnd staðfestir starfsáætlunina.

3. Tillaga að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir árið 2017

Leikskólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá Undralands fyrir árið 2017. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarkostnaðurinn verði tæplega 88,5 milljónir sem er rúmlega tveggja milljóna hækkun frá áætlun vegna 2016 . Skýrist það aðallega af hækkun á fyrirhuguðum hækkunum á lífeyrisðgjöldum.

Gert er ráð fyrir að einingaverð á mat úr mötuneyti hækki úr 320 kr. í 330 kr., hressing úr 69 kr. í 72 kr. og síðdegishressing úr 105 kr. í 109 kr.

Ekki er gert ráð fyrir neinum hækkunum á leikskólagjöldum þetta ár.

Skólanefnd samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrá fyrir leikskólann árið 2017.

4. Önnur mál

a) Vistun 12 mánaða barna, umsóknir um undanþágur. Leikskólastjóri lagði fram 3 umsóknir um undanþágu sbr. 6 gr. vistunarreglna leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:50